

1 Knattspyrna á Íslandi

1.1 Inngangur

Sameiginlegt áhugamál okkar sem komum að þessu verkefni er knattspyrna.

Höfum við komið að knattspyrnunni á fjölbreyttan hátt, sem þjálfarar og auk þess höfum við báðir leikið með héraðsliðinu. Þessi sameiginlegi áhugi okkar á íþróttinni vakti hjá okkur áhuga að koma að verkefni sem við höfum lengi rætt um og varð nú að veruleika. Eftir að hafa fylgt íslenska landsliðinu um árabíl tókum við eftir aukinni þátttöku leikmanna landsbyggðarinnar í landsliði Íslands en fréttmæmara virðist oft að tala um leikmenn sem koma frá litlum sjávarplássum austan af fjörðum en leikmenn sem koma upp alla yngri flokka sigursælla liða eins og Fram eða KR. Við ákváðum því í framhaldinu að skoða efstu liðin í efstu deild karla og kvenna, sem vildi svo til að eru öll á höfuðborgarsvæðinu, til að kanna bakgrunn leikmanna liðanna. Var ef til vill mikið um aðflutta leikmenn frá landsbyggðinni í þessum liðum? Hvaðan komu þeir leikmenn sem aðfluttir voru? Við könnuðum einnig fleiri þætti eins og æfingamagn, áhrifavalda þeirra til að stunda knattspyrnu á yngri árum og hvort leikmennirnir stefndu á atvinnumennsku.

Við rekum einnig sögu knattspyrnunnar á Íslandi sem er um margt merkileg og nær yfir rúm hundrað ár í heildina þrátt fyrir að kvennaknattspyrnan hafi átt undir högg að sækja en hún hefur náð sér á strik og stendur karlknattspyrnunni framár á alþjóðagrundvelli þrátt fyrir styttri sögu. Einnig förum við nánar í þau félagslið sem tóku

Þátt í könnuninni og skoðum hvernig þeim hefur gengið síðan árið 2000 og svo fjölda þeirra leikmanna sem farið hafa frá þeim í atvinnumennsku erlendis.

Við vonum að þessi könnun muni varpa ljósi á ýmsa þætti sem leiða til þess að leikmenn standi í þeim sporum sem þeir eru í dag, hjá einu af þremur bestu liðum landsins.

1.2 Yfirlit yfir knattspyrnu karla á Íslandi

Knattspyrnan er orðin ein af vinsælustu íþróttagreinum í heimi og er stunduð um allan heim. Heimildir um ástundun knattspyrnu er hægt að finna langt aftur í tímann í hinum ýmsu myndum. Í Kína hét íþróttin „zu qiu“, í Japan „askemari“ og í Grikklandi hét hún „episkyros“ (Gerhardt. 2007). Talið er hins vegar að vagma knattspyrnunnar sé í Englandi og þar hafi hún þróast hvað mest og fyrstu reglur verið settar. Í byrjun fjórtándu aldar var knattspyrna orðin vinsælt áhugamál og svo vinsæl að Játvarður annar Englandskonungur sá sig knúinn til að banna leikinn árið 1314 sökum þess að hann var farinn að taka of mikinn tíma frá æfingum hersins auk þess sem konungi þótti leikurinn leiða til hegðunar sem guði voru ekki þóknanlegar. Í kjölfarið var knattspyrna einungis stunduð af almúganum með hinum ýmsu afbrigðum af reglum en grundvöllur þeirra reglna sem eru við lýði í dag var samþykktur í Cambridge árið 1848. Með samræmdum reglum í knattspyrnunni klofnaði upphaflega knattspyrnan í þá knattspyrnu sem við þekkjum í dag og svo enskan ruðning þar sem leyfilegt er að nota hendur. Í kjölfarið spruttu upp knattspyrnufélög víða um England.

Könnun á bakgrunni íslenskra knattspyrnumanna

Árið 1895 nam knattspyrnan land á Íslandi. Heimildir fyrir því að spurnir hafi borist af íþróttinni áður eru þó fyrir hendi. Til Íslands kom skoskur prentari að nafni James B. Ferguson og dvaldi hann hér á landi í eitt ár. Þetta ár notaði hann vel til þess að kynna fimleika og fótknattleik eins og knattspyrna var kölluð þá. Ferguson kenndi undirstöðuatriði knattspyrnunnar á Melavellinum fræga. Eftir að Ferguson var farinn af landi brott tóku aðrir við kyndlinum og boltinn fór að rúlla fyrir alvöru. Fjórum árum eftir strandhögg Fergusonar var fyrsta knattspyrnufélagið stofnað og hlaut það nafnið Fótboltafélag Reykjavíkur sem seinna átti eftir að breytast í Knattspyrnufélag Reykjavíkur, betur þekkt sem KR. Aðdragandinn að stofnun KR þann 16. febrúar 1899 var að fjölda stráka úr Vesturbænum vantaði bolta og ákváðu að stofna KR til að safna sér fyrir fótbolta (Viðir Sigurðsson og Sigurður Á. Friðþjófsson 1997:11-12). Voru að jafnaði tveir fótboltar keyptir á ári frá Englandi en fótboltar þessir voru dýrir og ekki var mikið milli handa ungra pílta úr Vesturbænum á þessum tíma.

Á næstu árum kepptu strákarnir innbyrðis og við áhafnir erlendra skipa en það var ekki fyrir en árið 1908 að þeir fengu samkeppni innanlands þegar Íþróttafélag Reykjavíkur, ÍR, var stofnað. Seinna sama ár voru svo knattspyrnufélögin Fram og Víkingur stofnuð og árið 1911 bættist knattspyrnufélagið Valur í hópinn. Það ár átti fyrsti alvöruleikurinn milli íslenskra liða sér stað á milli KR og Fram og sigruðu Framarar 2-0 á Melavellinum sem hafði verið sérútbúinn fyrir knattspyrnuíðkun og leiki. Árið 1912 var svo fyrsta Íslandsmótið háð fyrir tilstilli Íþróttasambands Íslands og tóku þar þátt KR og Fram ásamt Fótboltafélagi Vestmannaeyja. Stóðu þar KR-ingar upp sem sigurvegarar eftir úrslitaleik við Fram 3-2. Næstu tvö árin á eftir varð svo Fram Íslandsmeistari án keppni vegna þess að í kjölfar deilna milli KR og Fram sendu Vesturbæjarstrákarnir lið

Könnun á bakgrunni íslenskra knattspyrnumanna

sitt ekki til keppni og ekki skráðu sig önnur lið. Á næstu árum bættust hins vegar fleiri lið í hópinn því Valur og Víkingur skráðu sig til leiks og var nú samkeppnin orðin meiri.

Fram og KR skiptust á að hampa Íslandsmeistaratitlinum allt til ársins 1920 þegar Víkingar urðu í fyrsta skiptið Íslandsmeistarar sem þeir áttu eftir að verða oftár á næstu árum. Árið 1929 voru liðin orðin sex að tölu og höfðu bæst í hópinn lið KV frá Vestmannaeyjum ásamt því að í fyrsta skipti skráði sig til leiks lið frá Akureyri sem bar nafnið Knattspyrnufélag Akureyrar (Víðir Sigurðsson og Sigurður Á. Friðþjófsson 1997:24).

Frá árinu 1919 fór að bera á því í síauknum mæli að erlend lið kæmu til Íslands til þess að leika knattspyrnu við íslensk lið. Var því þá hagað þannig að liðin léku við sterkustu lið Íslands á þeim tíma ásamt því að leika við sérstök úrvalslið íslenskra leikmanna. Meðal liða sem mættu hingað til lands voru lið frá Glasgow og Djerv í Noregi ásamt AB frá Danmörku en öll áttu þessi lið sameiginlegt að vera sterk og því fóru leikar oftár en ekki illa fyrir íslensku liðin. Var sú innrás erlendra liða engu að síður talin blása íslenskum knattspyrnumönnum byr í segl og stuðlaði að miklum framförum í íslenskri knattspyrnu (Víðir Sigurðsson og Sigurður Á. Friðþjófsson 1997:76-77). Einnig hafði það mikil áhrif að íslensk félög voru iðin við að fá til landsins erlenda menn til að sjá um þjálfun liðanna. Voru þeir aðallega frá Danmörku og Skotlandi en einnig komu menn frá Þýskalandi. Þetta voru fróðir menn um knattspyrnuna og almennt talið að framganga þeirra hafi haft jákvæð áhrif á íslenska knattspyrnu.

Á stríðsárunum var deyfð yfir knattspyrnumálum og samskipti við erlend lið og þjálfara voru engin. Áfram var þó keppt á Íslandsmótinu og létu Valsmenn ekki ástandið í heiminum hafa meiri áhrif á sig en það að þeir urðu Íslandsmeistarar í fimm skipti af sex

Könnun á bakgrunni íslenskra knattspyrnumanna

árum. Samskiptin sem farið höfðu í gang fyrir stríð urðu til þess að fljótlega eftir stríðslok, eða þann 17. júlí 1946, kom til Íslands landslið Danmerkur í knattspyrnu í þeim tilgangi að leika við það íslenska. Í fyrsta skipti var bestu knattspyrnumönnum landsins safnað saman og þeir 22 bestu valdir til að spila fyrsta landsleik Íslendinga í knattspyrnu. Í hóp þessum voru tveir leikmenn sem spiluðu erlendis, þeir Albert Guðmundsson sem lék með Glasgow Rangers og Ottó Jónsson sem lék með Hearts, en bæði þessi lið eru í Skotlandi. Fóru leikar á þann veg að Danir gengu af Melavellinum með 3-0 sigur.

Knattspyrnusamband Íslands var svo stofnað árið eftir eða þann 26. mars 1947. Fjórtán aðildarfélög unnu að stofnun KSÍ og var Agnar Klemens Jónsson kosinn fyrsti formaður Knattspyrnusambands Íslands. Á næstu árum bættust fleiri lið í hóp aðildarfélaganna og starf innan knattspyrnuhreyfingarinnar varð um leið markvissara og ötulla. Árið 1947 spiluðu Íslendingar annan landsleik sinn rétt rúmu ári eftir leikinn við Dani og lutu þeir þá í gras fyrir Noregi á Melavellinum 4-2 þar sem Albert Guðmundsson skoraði tvö fyrstu landsliðsmörk Íslands. Fyrsti sigurleikurinn kom svo í þriðja landsleik Íslands þegar Finnar voru lagðir á Melavellinum þann 2. júlí 1949 2-0 með mörkum Ríkharðs Jónssonar.

Um miðja síðustu öld var mikill framgangur í íslenskri knattspyrnu sem rekja má að mörgu leyti til stofnunar Knattspyrnufélags Íslands. Jafnframt skipti miklu að eftirstríðsárin voru ár vaxtar í þjóðfélaginu sem smitaðist inn í íþróttahreyfinguna sem blómstraði. Nú var svo komið að fjöldi þátttökuliða í karlaflokki var orðinn slíkur að árið 1955 var byrjað að skipta liðum í deildir. Árið 1957 tóku svo Íslendingar í fyrsta sinn þátt í undankeppni Heimsmeistaramótsins í knattspyrnu og fimm árum seinna í undankeppni Evrópumóts knattspyrnu. Melavöllurinn, sem hafði verið miðpunktur knattspyrnu á

Könnun á bakgrunni íslenskra knattspyrnumanna

Íslandi, fékk arftaka sinn í Laugardagsvöllinum sem var vígður sumarið 1959 og nú fengu knattspyrnuíðkendur loksins tækifæri á að bjóða erlendum gestum upp á mannsæmandi aðstæður til að keppa á (Víðir Sigurðsson og Sigurður Á. Friðbjólfsson 1997:155).

Samskipti íslenskra liða og erlendra, hvort sem var landsliða eða félagsliða, urðu mun meiri og mörg stórlíð ferðuðust til eyjunnar norður í Atlantshafi til að leika knattspyrnu. Valsmenn unnu frækið afrek þegar þeir gerðu markalaust jafntefli við Benfica frá Portúgal sem voru með snillinginn Eusebio í fararbroddi og öttu einnig kappi við Anderlecht og Standard Liege frá Belgíu. KR var einnig víðförlt félag og heimsótti hinn fræga heimavöll Liverpool, Anfield, þegar KR-ingar lutu í lægra haldi í Evrópukeppni meistari-liða samanlagt 11-1.

Íslensk knattspyrna hélt áfram að þróast og stækka að umfangi á árunum eftir 1970. Knattspyrnufélag Íslands flutti í nýja og betri aðstöðu í Laugardalnum og nú fóru leikmenn af landi brott í auknum mæli að reyna fyrir sér í atvinnumennsku. Íslensk félagslið gerðu það líka nokkuð gott og þurftu Barcelona, Real Madrid og Celtic að hafa fyrir sigrum sínum gegn íslenskum félagsliðum í Evrópukeppnum. Það var þó ekki fyrir en haustið 1985 að íslenskt félagslið sigraði loks andstæðinga sína í Evrópukeppni þegar Valsmenn sigruðu franska liðið Nantes á Laugardalsvöllinum 2-1 með mörkum Guðmundar Þorbjörnssonar. Franska liðið vann svo seinni leikinn í Frakklandi 3-0 og fór því áfram í næstu umferð. Annar sigur leit dagsins ljós þegar Fram mætti liði Glentoran frá Norður – Írlandi á Laugardalsvöllinum og sigraði 3-1 með tveim mörkum Ómars Torfasonar og marki frá Viðari Þorkelssyni. Seinni leikurinn endaði með tapi en Framarar komust, fyrstir íslenskra félagsliða, í aðra umferð Evrópukeppninnar með samanlögðum 3-2 sigri. Framarar létu ekki þar við sitja heldur sigruðu Rapid frá Vín í annarri umferð

Könnun á bakgrunni íslenskra knattspyrnumanna

Evrópukeppninnar á Laugardalsvelliðnum 2-1 og urðu því jafnframt fyrsta liðið til að komast í aðra umferð og sigra. Voru þetta mjög góð úrslit enda hafði austurríska liðið leikið til úrslita árið áður í sömu keppni. Rapid vann heimaleikinn 3-0 og því voru liðsmenn Fram úr leik.

Árið 1972 tók landsliðið á ný þátt í undankeppni heimsmeistaramótsins eftir 15 ára hlé og tapaði þá stórt gegn Belgíu, Hollandi og Noregi. Tveimur árum seinna tók svo liðið aftur þátt í Evrópukeppni landsliða eftir 12 ára hlé og réð Englendinginn Tony Knapp sem landsliðsþjálfara. Undir hans stjórn náðust mörg góð úrslit og meðal annars vann íslenska landsliðið Austur Þjóðverja 2-1 á Laugardalsvelliðnum 5. júní 1975 með mörkum Jóhannesar Eðvaldssonar og Ásgeirs Sigurvinssonar og var sigurinn lengi vel talinn stærsti knattspyrnusigur Íslands (Víðir Sigurðsson og Sigurður Á. Friðþjófsson 1997:216). Þann 11. júní 1977 kom svo fyrsti sigurinn í heimsmeistarakeppninni þegar lið Norður Íra var lagt á Laugardalsvelliðnum með marki Inga Björns Albertssonar. Á næstu árum fylgdu svo fræknir sigrar gegn Tyrklandi í Izmir og Wales hér heima.

Eins og komið hefur fram sóttu íslenskir knattspyrnumenn nú í auknum mæli erlendis og fóru að vekja athygli erlendra liða. Upp úr 1970 lék Jóhannes Eðvaldsson í Suður-Afríku og Arnór Guðjohnsen varð svo yngsti atvinnumaðurinn þegar hann skrifaði undir samning við belgíska liðið Lokeren daginn fyrir 17 ára afmælið sitt og varð í framhaldinu yngsti leikmaðurinn sem spilað hefur í belgísku fyrstu deildinni. Arnór varð svo fyrsti íslenski knattspyrnumaðurinn sem lék í úrslitaleik í Evrópukeppni þegar hann fór fyrir liði Anderlecht frá Belgíu gegn Tottenham í úrslitum UEFA bikarsins árið 1984 sem enska liðið bar svo sigur úr bítum. Pétur Pétursson lét líka á sér bera og spilaði meðal annars með Anderlecht og Feyenoord. Atli Eðvaldsson skoraði 59 mörk í 226

Könnun á bakgrunni íslenskra knattspyrnumanna

leikjum í þýsku úrvalsdeildinni fyrir þrjú lið og varð annar markahæsti maður leiktíðarinnar 1982-1983 í Þýskalandi. Að þessum leikmönnum ólöstuðum var það þó einn knattspyrnumaður sem stóð framur öðrum. Ásgeir Sigurvinsson hóf sinn feril í Vestmannaeyjum og spilaði með ÍBV í eitt og hálf tímabil áður en útsendarar Standard Liege sannfærðu hann um að koma til Belgíu. Átján ára var hann því orðinn atvinnumaður og lék þar næstu átta ár við góðan orðstýr. Var hann meðal annars fyrirliði liðsins um skeið og spilaði með því í Evrópukeppni en náði einungis einu sinni að hampa titli sem bikarmeistari í Belgíu. Eftir átta ár í Belgíu tók við eitt í Þýskalandi þar sem hann mátti verma bekkinn hjá stórliðinu Bayern Munchen sem löngum hefur verið talið eitt besta félagslið heims. Hjá Stuttgart fann Ásgeir sig betur og lék þar til ársins 1990 eða í átta ár. Hjá Stuttgart tók hann við fyrirliðabandinu og leiddi liðið til sigurs í deildinni árið 1984 og spilaði um UEFA bikarinn gegn Napolí árið 1989 þar sem ítalska liðið bar sigur úr býtum (Víðir Sigurðsson og Sigurður Á. Friðþjófsson 1997:226-228). Auk þessara leikmanna fór fjöldinn allur af leikmönnum erlendis í lið af minni styrkleika og má segja að stífla hafi brostið og þeir leikmenn sem fóru af landi brott hafi staðið sig með sóma.

Nú þegar komið var á miðjan níunda áratuginn hafði knattspyrnan tekið mikil framfaraskref. Knattspyrnusamband Íslands velti hundruðum milljóna og knattspyrnan út um allan heim var orðin ein vinsælasta greinin hvað varðar áhorf og ástundun. Aukin þátttaka innlendra liða í Evrópukeppni jók ágóða þeirra ásamt þeim stríða straum knattspyrnumanna sem fóru erlendis í atvinnumennsku en nýjar reglur í kjölfar Bosman dómsins auðvelduðu mjög för þeirra í atvinnumennsku. Endurbætur á aðstæðum knattspyrnuliða jók gæði knattspyrnunnar og ráðist var í miklar framkvæmdir á

Könnun á bakgrunni íslenskra knattspyrnumanna

Laugardagsvellinginum í kjölfar nýrra reglugerða frá Alþjóða knattspyrnusambandinu. Breytingar urðu á stjórn Knattspyrnusambandsins þegar Ellert B. Schram steig niður úr stólnum árið 1989 eftir að hafa sinnt formennsku í 16 ár og var hann því tveimur árum lengur formaður Knattspyrnusambandsins en faðir sinn Björgvin Schram sem hafði setið í stól formanns í 14 ár (Víðir Sigurðsson og Sigurður Á. Friðþjófsson 1997:245-246). Við formennsku tók Eggert Magnússon sem sinnti því starfi næstu 18 árin og var hann einnig virkur í UEFA sem eru evrópsku knattspyrnusamtökin. Áfram hélt útrás íslenskra leikmanna sem helst sóttu á markaði á Norðurlöndunum. Útrásin leiddi einnig til þess að enska knattspyrnufélagið Stoke var keypt af íslenskum fjárfestum sem réðu Guðjón Þórðarson sem framkvæmdastjóra liðsins auk þess sem margir íslenskir leikmenn gengu til liðs við þetta fyrrum stórveldi í enskri knattspyrnusögu. Eftir nokkur ár seldu íslensku fjárfestarnir hlut sinn í félaginu og hefði því mátt ætla að frekari áhugi íslenskra fjárfesta á að ráðast inn á markaðinn á Englandi myndi dvína en annað kom á daginn. Fjárfestar undir forystu Björgólfs Guðmundssonar og Eggerts Magnússonar náðu meirihluta í úrvalsdeildarliðinu West Ham frá London í árslok 2006 og í framhaldi var Eggert Magnússon ráðinn stjórnarformaður.

Útrás Íslendinga erlendis í knattspyrnuheiminum einskorðaðist þó ekki bara við unga og efnilega knattspyrnumenn eða auðjöfra því einnig náðu tveir íslenskir þjálfarar þeim árangri að verða landsliðsþjálfarar erlendis. Páll Guðlaugsson þjálfaði lið Færeyja og náði finum árangri og Teitur Þórðarson vann mikið uppbyggingarstarf í Eistlandi. (Víðir Sigurðsson og Sigurður Á. Friðþjófsson 1997:267).

Ungur drengur fór einnig að láta að sér kveða á knattspyrnuvellinginum um miðjan tíunda áratuginn, en á sextánda aldursári gerði Eiður Smári Guðjohnsen, sonur Arnórs

Könnun á bakgrunni íslenskra knattspyrnumanna

Guðjohnsens fyrrum atvinnumanns og leikmanns íslenska landsliðsins, samning við PSV Eindhoven frá Hollandi og var hann kominn í aðalhlóp liðsins á vordögum 1996. Þótt slæm meiðsl settu strik í reikninginn snemma á ferli Eiðs náði hann þó þeim áfanga að verða Englandsmeistari með enska liðinu Chelsea á tímabilinu 2004 til 2005 þegar það varð í fyrsta sinn enskur meistari eftir að úrvalsdeildin tók til starfa. (Premier league. 2006). Eiður gekk svo til liðs við spænska stórliðið Barcelona fyrir nokkra milljarða íslenskra króna sumarið 2006 eftir að hafa endurtekið leikinn með Chelsea og unnið úrvalsdeildina í annað sinn.

Íslenska landsliðið náði mörgum óvæntum úrslitum þegar tuttugasta öldin var að líða undir lok og má þar á meðal nefna frækinn sigur gegn Tékkum ásamt jafntefli gegn Frökkum á Laugardalsvellinginum og gegn Sovétríkjunum í Moskvu. Unglingalandsliðin sóttu í sig veðrið og komst 18 ára landsliðið oft langt í Evrópukeppninni þar sem það komst oft en ekki í úrslit og stóð sig vel. Íslensku félagsliðin stóðu sig líka æ betur í evrópukeppnunum og minnisstæð er framgangna Fram og ÍA. Árið 1990 sló Fram sænska úrvalsdeildarliðið Djurgarden út og spilaði svo vel gegn spænska stórliðinu Barcelona í næstu umferð þar sem Framarar töpuðu 2-1 heima og svo 3-0 úti sem verða að teljast viðunandi úrslit gegn einu besta félagsliði heims. Skagamenn slógu út Partizan Tirana árið 1993 í fyrstu umferð og fengu svo Feyenoord í annarri umferð. Skagaliðið var mjög sterkt þetta ár og unnu fyrri leikinn 1-0 á Laugardalsvellinginum með marki Ólafs Þórðarsonar (Víðir Sigurðsson og Sigurður Á. Friðþjófsson 1997:264). Seinni leikurinn endaði svo með 3-0 sigri heimamanna í Rotterdam og voru viðureignir liðanna sérstaklega eftirminnilegar í ljósi þess að árið áður höfðu tvíburabæðurnir Arnar og

Könnun á bakgrunni íslenskra knattspyrnumanna

Bjarki Gunnlaugssynir gengið til liðs við Feyenoord og spilaði Arnar fyrri leikinn á Laugardalsvelli.

Erlendis léku íslenskir atvinnumenn lykilhlutverk í félagsliðum sínum. Arnór Guðjohnsen var valinn bestur í Belgíu 1987 eftir að hafa orðið markahæstur í belgísku deildinni. Árið 1993 fluttist hann búferlum til Svíþjóðar og spilaði með Hacken og Örebro og var valinn leikmaður ársins 1993 og 1994. Sigurður Grétarsson varð svissneskur meistari með Luzern árið 1989 og varð oft á meðal markahæstu manna liðsins. Lárus Guðmundsson varð markahæstur Uerdingen liðsins árið 1986 og Sigurður Jónsson átti meiðslahrjáðan feril með Arsenal og Tottenham í ensku úrvalsdeildinni. Guðni Bergsson spilaði lengi í efstu deild á Englandi með Tottenham og síðar Bolton þar sem hann varð fyrirliði og er einn af leikjahæstu leikmönnum ensku úrvalsdeildarinnar. Eyjólfur Sverrison stökk beint frá Sauðárkróki, eftir magnaða frammistöðu með yngri landsliðum Íslands, til Stuttgart og afrekaði að verða meistari þar og einnig í Tyrklandi með Besiktas. Augljóst var að íslenskir atvinnumenn léku margir hverjir lykilhlutverk í liðum sínum og áttu árangursríkan feril í atvinnumenskunni.

Á Íslandi settu einnig æ fleiri erlendir leikmenn svip sinn á litróf knattspyrnunnar og urðu lykilmenn í liðum sínum. Nokkrir settust síðar að og fengu íslenskan ríkisborgararétt og Izudin Daði Dervic sem kom frá Júgóslavíu spilaði fyrir Íslands hönd. Fyrsti erlendi leikmaðurinn var þó James Bett sem kom hingaði til lands 1978 og spilaði með Valmönnum. Síðar átti sonur hans, Baldur Bett, eftir að spila hér á landi. Mihajlo Biberic frá Júgóslavíu varð markakóngur árið 1994 með Skagamönnum og Milan Stefán Jankovic átti farsælan feril sem leikmaður áður en hann gerðist þjálfari og hefur þjálfað hér á landi um árabil og starfar sem slíkur meðal annars fyrir Knattspyrnusamband

Könnun á bakgrunni íslenskra knattspyrnumanna

Íslands. (Víðir Sigurðsson og Sigurður Á. Friðþjófsson 1997:256-264) Mikið umstang var svo í kringum komu Lee Sharpe til Grindavíkur á vordögum 2003 en hann hafði leikið með enska stórliðinu Manchester United fyrr á sínum ferli en síðar fatast flugið og hafði spilað með neðri deildar liðum áður en leið hans lá til Íslands. Hjá Grindavík náði hann ekki að setja mark sitt á liðið að ráði og fór heim eftir nokkra leiki eftir að meiðsli urðu til þess að hans ferill á Íslandi varð mjög stuttur. Með hverju ári sem leið fjölgaði erlendum leikmönnum sem voru jafn misjafnir og þeir voru margir og höfðu mismunandi áhrif á félög sín. Sumir voru sendir snemma heim á meðan aðrir ílengdust hjá liðum eins og áður nefndur Milan Stefán Jankovic.

Nýrri öld fylgdu nýjar áherslur í knattspyrnunni. Laugardalsvöllur var stækkaður á árinu 2005 til 2006 og mun rúma 15.000 áhorfendur þegar vesturstúkan hefur verið fullkláruð (KSÍ. 2006). Gamalt áhorfendamet, sem sett var á leik Vals og Benfica árið 1968 þegar 18.243 mættu á Laugardalsvöllinn, var slegið þegar Ítalir mættu á sama völli í vináttuleik þann 18. ágúst 2004. Saman voru þá komnir 20.204 áhorfendur sem urðu vitni að fræknum sigri á sterku liði Ítala 2-0 með mörkum Eiðs Smára Guðjohnsen og Gylfa Einarssonar. Þetta met verður sennilega seint slegið því þetta var í síðasta sinn sem mátti selja miða í stæði og nú má einungis selja miða í þau 15.000 sæti sem eru til staðar á Laugardalsvöllum.

Guðjón Þórðarson hafði stýrt landsliðinu upp á við á heimslista alþjóða knattspyrnusambandsins eftir að hann tók við stjórnartaumunum sumarið 1997. Eftir að hann lét af störfum haustið 1999 hefur liðið hins vegar fallið jafnt og þétt niður listann og ríkir hálfgerð lægð þrátt fyrir að liðið hafi á að skipa mörgum góðum leikmönnum sem spila lykilstöður með sínum félögum erlendis. Liðið er að ganga í gegnum ákveðin

Könnun á bakgrunni íslenskra knattspyrnumanna

kynslóðaskipti en gaman verður að sjá hvað gerist í framtíðinni, sérstaklega í ljósi góðs árangurs yngri landsliðanna í evrópukeppninni.

Frá árinu 1996 hefur einungis KR-ingum tekist að komast í gegnum forkeppni á Evrópumótum en það ár féll KR út fyrir AIK frá Svíþjóð samtals 2-1 í fyrstu umferð í Evrópukeppni bikarhafa. Einnig stóðu KR-ingar sig vel árið eftir er þeir sigruðu Dinamo Búkarest samanlagt 4-1 í forkeppni UEFA bikarins. Nokkrir áhugaverðir leikir hafa átt sér stað á síðastliðnum árum og er helst að nefna viðureign ÍBV og Stuttgart árið 1997 en ÍBV tapaði heima 1-3 og úti 1-2 og er það sérstaklega áhugavert að þessi lið skuli hafa dregist saman sé litið til tengsla Ásgeirs Sigurvínssonar og Stuttgart. Brøndby frá Danmörku spilaði hér tvisvar, árið 2000 gegn KR og 2005 gegn Valsmönnum. Fór Brøndby með sigur í báðum viðureignum með sömu markatöluna, samtals 3-1 eftir markalaus leiki á Íslandi. Evrópuleikir íslenskra liða hafa gengið brösuglega á undanförunum árum enda er erfitt fyrir áhugamannalið frá Íslandi að sigra atvinnumannalið frá meginlandi Evrópu en spennandi er fyrir liðin að fá að etja kappi við fornfræg félög og fá þekktu leikmenn til að spila hér á landi.

Íslandsmótið fékk á sig nýjan brag á nýrri öld með tilkomu knattspyrnuhallanna sem risið hafa um allt land og hafa lengt keppnistímabilið. Risið hafa slíkar hallir í Grafarvogi, Njarðvík, Fjarðarbyggð og á Akureyri svo nokkrar séu nefndar. Þarf ekki að efast um að með tilkomu hallanna hafa aðstæður til æfinga stórbatnað og er nú í vinnslu að lengja knattspyrnutímabilið á Íslandi og fjölga liðum í efstu deild karla. Utandeildin, sem starfrækt er á höfuðborgarsvæðinu og víðar, er einnig vinsæl og kepptu 34 lið árið 2006 (Víðir Sigurðsson 2006:132). Keppni í neðri deildum er einnig blómleg og er nú svo að keppni í 3. deild þarf að skipta í nokkra riðla sökum fjöldans.

Könnun á bakgrunni íslenskra knattspyrnumanna

Það má því sjá að þrátt fyrir oft brösótt gengi á erlendri grundu hjá landsliði Íslands er knattspyrnan í miklum blóma á Íslandi og sér ekki fyrir endann á því. Mikill áhugi er innan knattspyrnuhreyfingarinnar og Knattspyrnusamband Íslands hefur unnið ötullega að framgangi knattspyrnunnar á Íslandi. Sparkvellingir hafa verið settir upp að þeirra frumkvæði og kostaðir af stórum hluta sem er mikilsvert framtak. Einnig hefur knattspyrnusambandið stuðlað að aukinn fræðslu þjálfara og dómara og er nú svo að auk leikmanna geta Íslendingar einnig verið stoltir af þeim dómurum sem farið hafa frá Íslandi í verkefni erlendis og staðið sig vel. Í heild sinni má því segja að leiðin liggja upp á við og knattspyrnan gefi handknattleiknum ekkert eftir í keppninni um þjóðaríþrótt Íslands.

1.3 Yfirlit yfir knattspyrnu kvenna á Íslandi

Á öðrum áratug síðustu aldar varð til vísir að kvennaknattspyrnu á tveimur stöðum á landinu. Á Ísafirði var fyrsta kvennaknattspyrnufélagið á Íslandi stofnað árið 1914 þegar stúlkur á Ísafirði stofnuðu Fótboltafélagið Hvöt. Ári seinna æfði hópur reykvískra stúlkna knattspyrnu hjá Axel Andrésyni í Víkingi.

Ekki voru allir hafa verið á eitt sáttir um ágæti kvennaknattspyrnunnar á þeim tíma. Alls konar sögum og áróðri komið á kreik um óhollustu hennar. Talað var um að stúlkur fengju stóra fætur og þær gætu ekki eignast börn ef þær léku knattspyrnu (Víðir Sigurðsson og Sigurður Á. Friðþjófsson 1997:57-58). Stúlkur heltust smám saman úr lestinni þar til markvörðurinn stóð einn eftir og lauk þar með sögu

Könnun á bakgrunni íslenskra knattspyrnumanna

kvennaknattspyrnunnar í bili. Langur tími leið þangað til farið var að huga á ný að áhuga kvenna á knattspyrnu en það var ekki fyrr en um 1970 að kvennaknattspyrnan lét aftur að láta á sér kræla. Á árunum fyrir 1970 höfðu óopinberir leikir farið fram og þá áttust oft en ekki við handboltakonur af höfuðborgarsvæðinu. Fyrsti opinberi leikurinn fór svo fram þann 20. júlí 1970 þegar lið Reykjavíkur og Keflavíkur mættust á Laugardalsvellingum og sigruðu Reykjavíkurstúlkur 1-0. Þessi Þróunn var í takt við tíðarandann víða erlendis. Þar voru stofnuð lið í auknum mæli og keppnisdeildir myndaðar. Albert Guðmundsson, þáverandi formaður Knattspyrnufélags Íslands, tók eftir þessu og hvatti til þess að stofnuð yrði kvennadeild svo íslenskar konur verða eftirbátar í alþjóðlegri knattspyrnu kvenna (Víðir Sigurðsson og Sigurður Á. Friðþjófsson 1997:238-242). Árið eftir var haldið fyrsta Íslandsmótið innanhúss. Íþróttabandalag Akranes hrósaði sigri, vann sigur á Fram í úrslitaleik. Mjög góð þátttaka var svo á fyrsta Íslandsmóti kvenna 8 lið léku í tveimur riðlum. Unnu þar FH og Ármann hvort sinn riðilinn og léku til úrslita þar sem FH-stúlkur urðu fyrstu Íslandsmeistarar kvenna eftir 2-0 sigur. Ári síðar hefndu stúlkurnar úr Ármanni ófaranna með 1-0 sigri eftir tvo úrslitaleiki. Kvennaknattspyrnan fór vel af stað og framtíðin virtist björt. Ellefu lið skráðu sig til leiks 1974 en tveimur árum síðar var fjöldinn kominn niður í 5 lið og árið 1978 skráðu einungis fjögur lið sig til leiks. Botninum var náð árið 1980 þegar einungis þrjú lið voru skráð til leiks og var útlitið ekki bjart. Ástæður þessa mátti rekja til þess að lítill áhugi var innan félaganna að reka knattspyrnudeildir stúlkna og þær urðu oft en ekki útundan þegar æfingatímum var skipt milli deilda og var aðgengi þeirra að grasvöllum minnkað. Hugarfarsbreyting átti sér loks stað árið 1981 og endurreisn kvennaknattspyrnu á Íslandi var hafin. Átta lið skráðu sig til leiks á Íslandsmótinu. Fyrsti landsleikur íslenskra knattspyrnukvenna

Könnun á bakgrunni íslenskra knattspyrnumanna

markaði svo tímamót. Leikurinn var við Skota í Kilmarnock í Skotlandi þann 20. september 1981. Þegar íslenska landsliðið tapaði naumlega fyrir því skoska með þremur mörkum gegn tveimur og skoruðu þær Ásta B. Gunnlaugsdóttir og Bryndís Einarsdóttir fyrstu landsliðsmörk Íslands. Árangur Íslendinga í fyrsta leik sínum í undankeppni Evrópumótsins, jafntefli gegn Norðmönnum í Tönsberg í Noregi árið 1982 vakti nokkra athygli í vaxandi heimi kvennaknattspyrnu í Norður Evrópu. Norðmenn tryggðu sér jafntefli undir lokin eftir að Ásta B. Gunnlaugsdóttir og Rósa Á. Valdimarsdóttir skoruðu mörk Íslands. Þær stóllur voru burðarásar í liði Breiðabliks sem sumarið 1983 vann fimmta Íslandsmeistaratitilinn í röð og hinn sjötta á 7 árum (Samúel Örn Erlingsson. 2007).

Landsliðið í knattspyrnu átti þó á brattann að sækja í Evrópukeppninni þrátt fyrir góðan árangur í fyrsta leik. Mótherjarnir voru auk Norðmanna, Svíar og Finnar og lauk riðlakeppninni sumarið 1983. Svíar voru almennt taldir með sterkasta lið heims á þessum tíma, en heimsmeistaramót var ekki haldið í kvennaflokki fyrr en tæpum áratug síðar. Íslendingar töpuðu gegn Svíum 0-6 og 0-5, Norðmönnum hér heima 0-1 og gegn Finnum með sömu markatölu í jöfnum og spennandi leik. Í síðasta leiknum unnu svo Finnar Íslendinga 3-0 í Finnlandi. Rekstur Knattspyrnusambandsins var í járnnum á þessum tíma og sambandið ákvað í ljósi úrslita að skrá ekki landslið í Evrópukeppnina og draga úr landsleikjum. Það var ekki fyrr en löngu síðar að almennt var viðurkennt að fleiri mörk væru skoruð í kvennaknattspyrnu en karlknattspyrnu og úrslit oft meira afgerandi (Samúel Örn Erlingsson. 2007). Fyrsti sigur íslenska kvennalandslíðsins kom ekki fyrr en í níunda landsleik þegar Svisslendingar voru lagðir af velli 3-2 í vináttulandsleik þann 19.

Könnun á bakgrunni íslenskra knattspyrnumanna

ágúst 1985 í Dietikon í Sviss. Á næstu árum var lítið um verkefni fyrir kvennaliðið og mikil lægð ríkti.

Kvennaknattspyrnan reis loks upp úr þessum öldudal og fékk verkefni á alþjóðavísu árið 1992 eftir fimm ár án landsleikja og tók þátt í Evrópukeppninni eftir níu ára hlé. Tveimur árum seinna komst liðið í 8 liða úrslit Evrópukeppinnar eftir magnaða frammistöðu þar sem þær fengu fullt hús stiga í sínum riðli. Englendingar slógu loks íslensku stelpurnar út með samanlögðum 4-2 sigri (Víðir Sigurðsson og Sigurður Á. Friðþjófsson 1997:278-279). Þessi frábæri árangur varð svo til þess að áhugi á kvennaknattspyrnu jókst umtalsvert og gátu félög haldið úti yngri flokkum kvenna í auknum mæli og fleiri félög sendu lið til leiks í meistaraflokki kvenna.

KR-ingar voru fyrsta íslenska kvennaliðið sem tók þátt í Evrópukeppni meistaraliða árið 2001 en KR tapaði öllum leikjunum, gegn meisturum Noregs, Belgíu og Hvíta-Rússlands (Víðir Sigurðsson 2001:145). Áfram hélt kvennaknattspyrnan að dafna og þroskast og árið 2002 vann Breiðablik fyrsta Evrópusigur íslensks kvennaliðs er liðið sigraði Moldavíu meistarana Codru 2-0 í meistarakeppni kvenna. Sama ár var íslenska kvennalandsliðið nálægt því að komast í lokakeppni HM í Kína 2002 en liðið tapaði samtals 3-2 fyrir Englendingum í tveimur úrslitaleikjum um sæti í keppninni.

Íslenska landsliðið hefur staðið sig mjög vel í tveimur síðustu undankeppnum fyrir , EM 2004 og fyrir HM 2006, og er ekki spurning hvort heldur hvenær íslenska kvennalandsliðið spilar í lokakeppni landsliða. Möguleikar fyrir íslenska landsliðið að leika á EM 2009 verða teljast töluverðir. Framkvæmdarstjórn UEFA, Knattspyrnusambands Evrópu, hefur samþykkt að fjölga liðum í 12 í úrslitakeppni Evrópumóts kvennalandsliða sumarið 2009 (Víðir Sigurðsson 2006:175). Til þessa hafa

Könnun á bakgrunni íslenskra knattspyrnumanna

einungis átta lið farið í úrslitakeppnina. Þetta fyrirkomulag að henta íslenska landsliðinu betur, en það hefur oft verið óheppið með mótherja.

Þótt góður árangur væri hjá íslenska kvennalandsliðinu á alþjóða mælikvarða var lítið um að íslenskar knattspyrnukonur færu erlendis í atvinnumennsku. Ein skýring á því er að hrein atvinnumennska er sjaldan fyrir hendi og hafa stúlkur helst leikið knattspyrnu erlendis ásamt því að stunda nám eða vinnu samhliða. Ásta B. Gunnlaugsdóttir úr Breiðablik var boðinn samningur hjá sænska liðinu Öxaback árið 1982 en ekki varð þó af því af ýmsum aðstæðum. Valsstúlkurnar Bryndís Valsdóttir og Guðrún Sæmundsdóttir voru leikmenn ítalska liðsins Giugliano síðar á níunda áratugnum. Tvær íslenskar konur voru svo leikmenn í bandarísku atvinnumannadeildinni í byrjun 21. aldar, þær Margrét Ólafsdóttir og Rakel Ögmundsdóttir (Samúel Örn Erlingsson. 2007). Árið 2006 voru sex íslenskar knattspyrnukonur atvinnumenn með erlendum liðum og hefur fjöldi kvenna í atvinnumennsku verið frá fjórum til sex frá árinu 2000 til dagsins í dag. Helst ber þar að nefna knattspyrnukonurnar Ásthildi Helgadóttur sem hefur í nokkurn tíma verið ein allra sterkasti leikmaður í sænsku deildarinnar. Framgana hennar og landsliðsins á alþjóðagrundvelli hefur blásið byr í segl ungra knattspyrnukvenna. Aldrei áður hefur verið jafn góð þátttaka stúlkna í yngri flokkum. Stórmót ungra stúlkna í eins og í Kópavogi, á Siglufirði og í Vestmannaeyjum mjög vinsæl. Það má því með sannri segja að framtíð íslenskra kvenna sé ekki síður björt en hjá körlunum.

1.4 Nánar um knattspyrnufélögin í könnuninni

1.4.1 Fimleikafélag Hafnarfjarðar



Fimleikafélag Hafnarfjarðar (FH) var stofnað árið 1929. FH er núverandi Íslandsmeistari í karlaflokki og hefur unnið titilinn síðastliðin þrjú ár og eru það einu íslandsmeistaratitlarnir sem félagið státar af. Félagið hefur aldrei sigrað bikarkeppni KSÍ en liðið hefur þrisvar sinnum komist í úrslit, árin 1972, 1991 og 2003.

FH hefur spilað 22 Evrópuleiki, en fyrsti leikur liðsins var árið 1990 gegn Skoska liðinu Dundee United. FH hefur sigrað í 6 leikjum, gert fjögur jafntefli en tapað 11. FH státar því af ágætis árangri en liðið hefur náð fínum úrslitum undanfarin ár og hefur á að skipa einum besta leikmannahópi á Íslandi.

Sá leikmaður sem spilað hefur flesta leiki fyrir félagið er Hörður Magnússon en hann lék alls 174 leiki og hefur jafnframt skorað flest mörk fyrir félagið eða 84 (Víðir Sigurðsson 2006:185). Þjálfari FH er Ólafur Jóhannesson og hefur hann þjálfað liðið

Könnun á bakgrunni íslenskra knattspyrnumanna

síðastliðin þrjú ár með mjög góðum árangri. Í liðinu nú eru fyrrverandi atvinnumenn eins og bræðurnar Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir, varnarmaðurinn Auðunn Helgason og sóknarmaðurinn Tryggvi Guðmundsson. Þeir blandast við sterka erlenda leikmenn eins og Tommy Nielsen og Allan Dyring en liðið hefur einnig notið krafta eins eftirminnilegasta leikmanns sem spilað hefur í íslensku deildinni, Danans Allan Borgvardt. Með þessum eru fjölmargir ungir og efnilegir leikmenn liðsins.

1.4.2 Knattspyrnufélagið Valur



Valur var stofnaður árið 1911. Í karlaflokki urðu Valsmenn fyrst Íslandsmeistarar árið 1930 eftir úrslitaleik gegn KR en það ár tóku fimm lið þátt í mótinu. Lýðveldisárið 1944 voru Valsmenn búnir að hampa Íslandsmeistaratitlinum tíu sinnum á fjórtán árum. Alls hafa Valsmenn hafa orðið Íslandsmeistarar 19 sinnum og 9 sinnum bikarmeistarar. Síðast varð Valur Íslandsmeistari árið 1987 og því verða 20 ár í haust síðan Valur varð síðast íslandsmeistari. Liðið virðist vera að ná aftur stöðugleika í efstu deild eftir að hafa farið milli deilda og verið í basli á síðustu árum tuttugustu aldar.

Valur hefur leikið 42 Evrópuleiki en fyrsti leikur Vals í Evrópukeppni var árið 1966 gegn belgíska liðinu Standard Liege. Valsmenn hafa sigrað í 4 sinnum, gert 11 jafntefli og tapað 27 Evrópuleikjum sínum. Liðið var þekkt fyrir að ná jafntefli á heimavelli gegn sterkum andstæðingum sínum fyrr á öldinni. Valur lék við þýska liðið Hamburger SV sem var mjög sterkt á alþjóðavísu með leikmenn eins og Kevin Keegan innan sinna raða (Ólafur Gústafsson 1981:158). Heimaleikurinn tapaðist 3-0 en

Könnun á bakgrunni íslenskra knattspyrnumanna

útileikurinn í Hamborg aðeins 2-1 og að sögn leikmanna liðsins var Valur sterkari aðilinn í leiknum og átti sigur skilinn.

Sá sem leikið hefur flesta leiki fyrir Val í efstu deild er Sævar Jónsson með 201 leik en Ingi Björn Albertsson hefur skorað flest mörk eða 109 (Víðir Sigurðsson 2006:59). Þjálfari Vals er Willum Þór Þórsson en hann hefur þjálfað meistaraflokk Vals síðastliðin tvö ár. Liðið hefur á að skipa sterkum hóp. Helgi Sigurðsson og Guðmundur Benediktsson sneru heim úr atvinnumennsku og liðið hefur einnig á að skipa mjög reyndum leikmönnum á borð við Kjartan Sturluson og Sveinbjörn Hreiðarsson. Hjá Val leikur einnig efnilegasti leikmaður Íslandsmótsins 2006, Birkir Már Sævarsson, sem ætla má að fari í atvinnumennsku erlendis fyrr en síðar.

Kvennalið Vals hefur hampað Íslandsmeistatitli 6 sinnum og hefur liðið orðið 10 sinnum bikarmeistari en liðið varð Íslands- og bikarmeistari árið 2006 og hefur það spilað samfleytt í efstu deild frá árinu 1977. Liðið hefur verið í harðri baráttu við Breiðablik og KR undanfarin ár og er núverandi Íslandsmeistari.

Valur keppti í Evrópukeppni kvennaliða árið 2005 en féll út í átta liða úrslitum. Liðið hefur alls leikið átta Evrópuleiki, unnið 5 og tapað 3 en stutt er síðan íslensk kvennalið fóru að keppa erlendis í Evrópumótum. Liðið hefur staðið sig með miklum sóma og vakið mikla athygli erlendis fyrir vasklega framgöngu.

Flesta leiki í efstu deild hefur Ragnheiður Víkingsdóttir leikið eða 184. Ásgerður H. Ingibergsdóttir hefur skorað flest mörk, 92 mörk (Víðir Sigurðsson 2006:122). Þjálfari kvennaliðs Vals er Elísabet Gunnarsdóttir og stýrir hún hóp af stúlkum sem margar eru núverandi landsliðskonur. Helst ber að nefna Margréti Láru Viðarsdóttur sem uppalin er í Vestmannaeyjum. Hún hefur borið höfuð og herðar yfir aðra leikmenn hvað

Könnun á bakgrunni íslenskra knattspyrnumanna

varðar markaskorun og er farin að vekja verðskuldaða athygli erlendis fyrir frammistöðu sína. Í kjölfar góðs árangurs í Evrópukeppni með Val var henni boðinn samningur í þýsku úrvalsdeildinni en hún sneri aftur heim á leið eftir skamma dvöl haustið 2006. Einnig eru í liðinu landsliðskonurnar Dóra María Lárusdóttir og Rakel Logadóttir sem hafa leikið stór hlutverk í sigursælu liði Vals.

1.4.3 Knattspyrnufélag Reykjavíkur



Knattspyrnufélag Reykjavíkur (KR) var stofnað árið 1899 og er elsta félagið sem spilar í efstu deild í knattspyrnu. KR hefur unnið Íslandsmeistaratitilinn oftast allra félaga í karlaflokki eða 24 sinnum. Liðið hefur sigrað í bikarkeppni KSÍ oftast allra félaga, 10 sinnum, en fast á hæla KR-inga koma Valur og ÍA með 9 bikarmeistaratitla. Síðast varð KR Íslandsmeistari árið 2003 og bikarmeistari 1999 (Víðir Sigurðsson 2006:57). KR hefur löngum verið viðloðandi toppbaráttuna í efstu deild en það var ekki fyrr en árið 1999, á hundrað ára afmæli félagsins, að titillinn kom loks í hús eftir rúm þrjátíu ár án Íslandsmeistaratitils.

KR hefur leikið 42 leiki í Evrópukeppni og var fyrsti leikur KR gegn enska stórlíðinu Liverpool árið 1964. KR hefur unnið 8 leiki, gert 8 jafntefli og tapað 18 Evrópuleikjum.

Þormóður Egilsson er sá leikmaður sem hefur leikið flesta leiki fyrir KR í efstu deild, 239, en flest mörk fyrir KR í efstu deild skoraði Ellert B Schram, 62 talsins (Víðir Sigurðsson 2006:57). KR-ingar réðu Teit Þórðarson sem þjálfara fyrir sumarið 2006 og

Könnun á bakgrunni íslenskra knattspyrnumanna

fylgdu honum breyttar áherslur og ferskir vindar. KR átti undir högg að sækja framan af á síðasta tímabili en sótti svo í sig veðrið og endaði í öðru sæti deildarinnar á eftir Íslandsmeisturum FH. Liðið hefur á að skipa mörgum góðum leikmönnum eins og Ágústi Gylfasyni og Grétari Ólafi Hjartarsyni ásamt Pétri Hafliða Marteinsyni sem allir sneru heim úr atvinnumennsku. Fyrir eru reynslumiklir leikmenn eins og Kristján Finnbogason og Gunnlaugur Jónsson og KR-ingar hafa á að skipa mörgum efnilegum leikmönnum sem spilað hafa með yngri landsliðum Íslands.

1.4.4 Knattspyrnudeild Breiðabliks



Breiðablik var stofnað árið 1950. Breiðablik hefur oftast orðið Íslandsmeistari í kvennaflokki, 15 talsins en liðið varð síðast Íslandsmeistari árið 2005, en sama ár varð liðið einnig bikarmeistari og vann því tvöfalt. Það hafa þær ná að afreka sjö sinnum áður í sögu félagsins. Liðið hefur 9 sinnum orðið bikarmeistari og er einum titli á eftir Val sem hefur sigrað 10 sinnum.

Breiðablik hefur tvívegis tekið þátt í Evrópukeppni, árið 2002 og 2006 og lengst hefur liðið náð í 8 liða úslit árið 2006. Alls hefur Breiðablik leikið 11 Evrópuleiki, unnið 6 og tapað 5 (Víðir Sigurðsson 2006:190). Verður það að teljast ákjósanlegur árangur að ná svo langt, sérstaklega í ljósi þess að liðið hefur litla reynslu af því að keppa á stórmótum erlendis. Blikastúlkur geta því verið stoltar af samanburði sínum við erlend félagslið.

Flesta leiki í efstu deild fyrir Breiðablik hefur Sigrún Óttarsdóttir spilað eða 178 og Ásta B. Gunnlaugsdóttir hefur skorað flest mörk, 154 (Víðir Sigurðsson 2006:122). Liðið hefur lengi vel verið eitt af bestu félögum á Íslandi í kvennaknattspyrnu og hafa

Könnun á bakgrunni íslenskra knattspyrnumanna

margar knattspyrnukonur komið frá félaginu sem vakið hafa verðskuldaða athygli.

Ásthildur Helgadóttir fór fyrir íslenska landsliðinu lengi vel og er nú atvinnumaður á Norðurlöndunum sem er afrek sem ekki margar knattspyrnukonur ná að leika eftir. Systir hennar, Þóra Helgadóttir, hefur staðið milli stanganna hjá landsliðinu um árabíl og er einnig leikmaður Breiðabliks. Þá hefur liði á að skipa einni af efnilegustu knattspyrnukonu landsins, Gretu Mjöll Samúelsdóttur, sem hefur leikið mjög vel með Kópavogslíðinu þrátt fyrir ungan aldur.

1.4.5 Knattspyrnudeild Stjörnunnar



Knattspyrnufélagið Stjarnan úr Garðabæ er stofnað árið 1960. Heimavöllur félagsins nefnist Stjörnuvöllur Hann er eini gervigrasvöllurinn sem notaður er sem aðalvöllur í efstu deild en stutt er síðan alþjóðaknattspyrnusambandið gaf félögum leyfi til að spila heimaleiki sína á gervigrasi. Kemur sú ákvörðun í kjölfar mikilla framfara í hönnun á gervigrasvöllum. Besti árangur Stjörnunnar í efstu deild er annað sæti árið 1988 en Stjarnan komst í úrslit bikarkeppni KSÍ árið 1993.


Auður Skúladóttir hefur spilað flesta leiki fyrir Stjörnuna í efstu deild, 210 leiki en Guðný Guðnadóttir hefur skora flest mörk fyrir liðið, 55 í efstu deild (Víðir Sigurðsson 2006:123). Þjálfari Stjörnunnar er Jóhannes Karl Sigursteinsson og stýrir hann ungum hóp sem náði fjórða sæti á Íslandsmótinu sumarið 2006. Liðið er frekar ungt að árum en ákaflega efnilegt. Liðið gerði venslasamning við enska liðið Charlton Athletic og í kjölfar sammingsins fór Harpa Þorsteinsdóttir til Englands á lánessamningi vorið 2006

Könnun á bakgrunni íslenskra knattspyrnumanna

en kemur síðan hingað til lands í sumar og leikur með Stjörnuþúlku ásamt tveimur erlendum stúlkum sem fylgja henni frá Charlton Athletic.

1.4.6 Samanburður liðanna í könnuninni


Árangur karlaliðanna síðastliðin sjö ár



Mynd 1. Árangur Vals, FH og KR á Íslandsmóti frá árinu 2000.

Á mynd 1 sést árangur liðanna þriggja í efstu deild karla síðastliðin sjö ár. KR og FH hafa orðið Íslandsmeistarar þrisvar sinnum hvort félag á þessu tímabili Valur náði bestum árangri árið 2005 en þá hafnaði liðið í öðru sæti. Á þessu sjö ára tímabili hafa Valsmenn spilað þrjú ár í 1. deild en það voru árin 2000, 2002 og 2004 en FH spilaði árið 2000 í 1. deild. KR hefur ekki fallið um deild á þessu tiltekna tímabili.


Árangur kvennaliðanna síðastliðin sjö ár



Mynd 2. Árangur Vals, Stjörnunnar og Breiðabliks í efstu deild frá árinu 2000

Mynd sýnir árangur þessara þriggja liða í efstu deild kvenna síðastliðin sjö ár. Breiðablik hefur orðið Íslandsmeistari þrisvar og Valsstúlkur tvisvar. Besti árangur Stjörnunar er þriðja sæti árið 2000. Ekkert af liðunum þremur hafa fallið um deild á þessu tímabili. Stjarnan hefur verið um miðbik deildarinnar undanfarin ár á meðan sjá má að Val hefur gengið betur síðustu ár á meðan Breiðablik virðist aðeins hafa gefið eftir. Valur og Breiðablik eru tvö af bestu liðum landsins í kvennaboltanum undanfarin ár.

Fjöldi þeirra leikmanna sem farið hafa í atvinnumennsku síðan 2000



Mynd 3 Fjöldi leikmanna sem farið hafa í atvinnumennsku frá árinu 2000 hjá KR, FH og Val

Á mynd 3 sést hver þróunin hefur verið hjá liðunum þrem í karlaflokki sem farið hafa í atvinnumennsku síðastliðin 7 ár. KR hefur alið upp flesta atvinnumenn á þessu tímabili eða 10 leikmenn. FH og Valur bæði með 4 leikmenn. Árin 2005 og 2006 eru viðburðarík og gefa fyrirheit um áframhaldandi för íslenskra leikmanna í atvinnumennsku. Það er hagur liðanna að sem flestir fari í atvinnumennsku. Þrátt fyrir að liðið missi sterka einstaklinga þá fær það fjármuni í staðinn hafi rétt verið að málum staðið varðandi samninga. Fleiri leikmenn snúi aftur á og oft á tíðum koma þeir með mikla reynslu aftur í sín uppeldisfélög

2 Aðferð

2.1 Þátttakendur

Þátttakendur í könnun okkar voru 113 knattspyrnumenn og konur sem leika með liðum í efstu deild á Íslandsmóti. Hjá körlum tóku þátt leikmenn FH, Vals og KR. Þessi lið lentu í þremur efstu sætum Íslandsmótsins sumarið 2006. Hjá konum tóku þátt leikmenn Vals, Breiðabliks og Stjörnunnar. Ætlunin var að skoða þau lið sem lentu í þremur efstu sætum úrvalsdeildarinnar hjá báðum kynjum. Gekk það eftir í úrvalsdeild karla en ekki í úrvalsdeild kvenna. Sökum þess að KR-stúlkur voru farnar erlendis í æfingaferð þegar könnunin var lögð fyrir var ákveðið að velja lið Stjörnunnar sem lenti í fjórða sæti í úrvalsdeild kvenna sumarið 2006.

2.2 Framkvæmd

Þegar við höfðum lokið við að hanna spurningalistann fórum við með hann á æfingu liðanna á æfingasvæði þeirra. Áður höfðum við sett okkur í samband við þjálfara, kynnt verkefni okkar og fengið þeirra leyfi til að mæta og leggja spurningalistann fyrir leikmenn. Spurningalistinn okkar innihélt að miklu leyti lokaðar spurningar sem auðvelt er að nota til samanburðar en einnig gafst kostur á að svara með eigin orðum eða nýta fleiri en einn valmöguleika. Spurningalistann í heild sinni má sjá í viðauka.

Könnun á bakgrunni íslenskra knattspyrnumanna

2.3 Spurningalistinn

Á spurningalistanum voru 23 spurningar. Alls voru 17 þeirra lokaðar spurningar með allt frá tveimur og upp í sex svarmöguleika. Í fimm tilvikum gáfum við þeim sem tóku könnunina kost á að koma með annað svar með opinni spurningu.

2.4 Úrvinnsla

Úrvinnsla gagna hófst fljótlega eftir að þeim hafði verið safnað saman. Unnið var með niðurstöður spurningalistans í tölfræðiforritinu SPSS sem gerði samanburð milli breyta auðveldari og gaf okkur skýra mynd af því sem við leituðum eftir. Í framhaldi af fengnum niðurstöðum nýttum við okkur annað tölfræðiforrit, Microsoft Excel, til að vinna myndræna framsetningu úr niðurstöðunum.

3 Niðurstöður


3.1 Almennar upplýsingar um rannsóknina

Alls svöruðu 113 af þeim 133 leikmönnum sem æfa með meistaraflokkum liðanna sex. Hjá kvennaliðunum Breiðablik, Val og Stjörnunni svöruðu 50 af þeim 63 knattspyrnukonum sem æfa hjá þessum liðum og gaf það okkur 79,3 % svarhlutfall. Hjá karlaliðunum Val, FH og KR svöruðu 63 þeirra 70 leikmanna sem æfa hjá þessum liðum sem þýðir 90 % svarhlutfall. Í heildina erum við með 84,9 % svarhlutfall sem gefur okkur nokkuð traustar niðurstöður. Við teljum að með því að mæta á æfingar og ræða við þjálfara liðanna áður, höfum við tryggt okkur mjög gott svarhlutfall. Nánast allir sem mættu á æfingarnar tóku þátt og því skýrist brottfall að mestu af því að leikmennirnir ýmist mættu ekki á æfinguna eða voru af erlendu bergi brotnir og tóku þar af leiðandi ekki þátt.

3.2 Aldur, búseta og nám

Aldursdreifing þátttakenda

Könnun á bakgrunni íslenskra knattspyrnumanna




Mynd 4 Hvenær ertu fædd/ur?

Á mynd 4 sést aldursdreifingin hjá þeim sem svöruðu spurningalistanum. Hjá körlum er dreifingin nokkuð jöfn eða frá 19% á aldrinum 32-37 til 30% á aldrinum 17-21 árs. Aldur kvenfólksins er afgerandi á aldrinum 17-21 árs eða 66% og þegar litið er á aldursbilið 17-26 ára voru 92% þátttakenda á þeim aldri.

Búseta fram til 16 ára aldurs

Könnun á bakgrunni íslenskra knattspyrnumanna




Mynd 5 Hvar bjóst þú fram til 16 ára aldurs?

Mynd 5 sýnir búsetu þátttakenda fram að 16 ára aldri. Þátttakendur könnunarinnar eru í liðum af höfuðborgarsvæðinu og því kemur ekki á óvart að stærsti hluti leikmanna bæði kvenna og karla, sé af höfuðborgarsvæðinu. Nokkuð jöfn dreifing er milli landshluta hjá þeim sem koma utan af landi en hjá körlum koma um 34% af landsbyggðinni en 28% kvenna. Af höfuðborgarsvæðinu koma því 66% karla og 72% kvenna.

Staða leikmanna í menntun

Könnun á bakgrunni íslenskra knattspyrnumanna




Mynd 6 Ert þú í námi?, ef já þá hvers konar námi?.

Á mynd 6 má sjá hvernig leikmenn standa þegar kemur að námi þessa stundina. Stór hluti kvenna, eða rúm 60%, eru í framhaldsskóla og einungis 10% segjast ekki vera í námi þessa stundina. Tæplega þrjátíu prósent karla eru í framhaldsskóla og háskóla og fleiri svara því til að þeir séu ekki við nám þessa stundina, rúm 40%.

3.3 Ástundun annarra íþróttagreina og frístundir

Ástundun annarra íþróttasamhliða knattspyrnuíðkun

Könnun á bakgrunni íslenskra knattspyrnumanna




Mynd 7 Æfðir þú eða kepptir í öðrum íþróttagreinum með knattspyrnu?

Mynd 7 sýnir hvaða íþróttagreinir þátttakendur stunduðu samhliða knattspyrnuíðkun. Helstu niðurstöður voru þær að handboltinn var vinsælasti kosturinn, en 57% karla og 50% kvenna stunduðu handbolta samhliða knattspyrnu. Körfubolti var einnig vinsæll hjá körlum en 32% stunduðu hann og 25% kvenna stunduðu frjálsar íþróttir. Spurningin var opin og þeim sem svöruðu „annað“ gafst kostur á að setja inn íþrótt sem ekki var boðið upp á í svarmöguleikanum. Var þá minnst á íþróttir allt frá glímu til Tae kwan do, en þær tvær greinar sem voru oftast nefndar voru fimleikar og badminton.

Karlar

Konur

Könnun á bakgrunni íslenskra knattspyrnumanna




Mynd 8 og 9 Telur þú að ástundun annarra íþróttagreina en knattspyrnu hafi hjálpað til að ná árangri sem knattspyrnumanns?

Meirihluti beggja kynja telur að ástundun annarra greina hafi haft jákvæð áhrif á knattspyrnuíðkun sína. Myndir 8 og 9 sýna að 62% karla og 64% kvenna telja jákvætt að hafa stundað aðrar greinar samhliða knattspyrnu. 26% kvenna og 16% karla svöruðu ekki.

Þátttaka leikmanna í skipulögðu félagsstarfi

Könnun á bakgrunni íslenskra knattspyrnumanna




Mynd 10 Varst þú virk/ur í félagsstarfi meðfram knattspyrnuíðkun?

Mynd 10 sýnir að munur á þátttöku í félagsstarfi var mikill á milli kynjanna en 60% karla og 25% kvenna stunduðu ekkert félagsstarf og því greinilegt að stúlkurnar hafa tekið virkari þátt í skipulögðu félagsstarfi. Þegar skoðað er hvaða félagsstarf var stundað kemur í ljós að 74% kvenna og 39% karla stunduðu annað hvort félagsstarf í félagsmiðstöð eða tónlist.

3.4 Æfingar

Aldursdreifing sem sýnir hvenær fyrstu æfingar hófust.

Könnun á bakgrunni íslenskra knattspyrnumanna




Mynd 11 Hvenær byrjaðir þú að æfa hjá knattspyrnufélagi?

Þegar kannað er hvenær knattspyrnuíðkun hófst kemur í ljós að drengir byrja fyrr en stúlkur að æfa. Eins og sést á mynd 11 byrjuðu 42% drengja og 36% stúlkna að æfa knattspyrnu 8-11 ára og 40% drengja byrja einnig á aldrinum 4-7 ára. Mjög lítið er um að leikmenn hefji æfingar seinna en á aldrinum 12-15 ára en þó má sjá að tæp 10% kvenna byrjað að æfa skipulega á aldrinum 16 -19 og um 6% segjast hafa byrjað að æfa eftir tvítugt.

Aldursdreifing sem sýnir hvenær leikmenn hófu að æfa knattspyrnu

eingöngu

Könnun á bakgrunni íslenskra knattspyrnumanna




Mynd 12 Hvenær byrjaðir þú að einbeita þér eingöngu að knattspyrnu?

Þegar spurt var hvenær þátttakendurnir hefðu einbeitt sér einungis að knattspyrnu má sjá á mynd 12 að 63% drengir snúa sér eingöngu að knattspyrnuíðkun á aldrinum 13-16 ára. Hjá stúlkum má segja að þróunin sé svipuð, því 52% þeirra sérhæfðu sig á aldrinum 13-16 ára.

Aldursdreifing sem sýnir hvenær leikmenn léku fyrsta leik með meistaraflokki.

Könnun á bakgrunni íslenskra knattspyrnumanna




Mynd 13 Hvenær byrjaðir þú að æfa með meistaraflokki?

Það virðist algengt að stúlkur hefji æfingar með meistaraflokki 14-15 ára gamlar en á mynd 13 sést að 62% stúlkur hefja æfingar á þeim aldri. Karlar byrja seinna að æfa með meistaraflokki en 50% þeirra byrjuðu á aldrinum 16-17 ára. Könnunin sýnir einnig að stór hluti karlanna hafi byrjað jafnvel síðar, eða 18 til 19 ára gamlir.

Æfingamagn á viku

Könnun á bakgrunni íslenskra knattspyrnumanna




Mynd 14 Hversu oft var æft á viku þegar komið var í 3. flokk?

Þegar spurt var út í æfingaálag þegar komið var í 3. flokk má sjá að kynin eru nokkuð samstíga. Flestir svara því til að æfingaálag hafi verið á bilinu 5 til 6 æfingar á viku.

Aukaæfingar á viku

Könnun á bakgrunni íslenskra knattspyrnumanna



Mynd 15 Hversu margar knattspyrnutengdar aukaæfingar voru stundaðar á viku þegar komið var í 3. flokk?


Aukaæfingin skapar meistarann er fræg setning og hún virðist vera tekin alvarlega. Mikill meirihluti stúlkna og drengja æfa að minnsta kosti einu sinni í viku aukalega fyrir utan skipulagðar æfingar hjá félagsliði sínu. Á mynd 15 sést að 68% karla og 86% kvenna æfðu að jafnaði eina til tvær aukaæfingar á viku.

3.5 Þátttaka í mótum og framtíðaráform

Karlar

Konur

Könnun á bakgrunni íslenskra knattspyrnumanna




Myndir 16 og 17 Spilar þú knattspyrnu með uppeldisfélagi þínu í dag?

Þegar liðshollusta var könnuð kom í ljós að kynin svara nánast alveg eins. Eins og myndir 16 og 17 sýna spila 40% leikmannanna með uppeldisfélögum sínum hvort sem um er að ræða leikmenn karlaliðanna eða kvennaliðanna.

Fyrsti meistaraflokksleikur

Könnun á bakgrunni íslenskra knattspyrnumanna




Mynd 18 Hvenær lékstu þinn fyrsta meistaraflokksleik á KSÍ móti?

Þegar spurt er hvenær þátttakendur fengu stóra tækifærið í leik með meistaraflokki kemur í ljós að drengir þurfa að hafa meiri þolinmæði en stúlkur eins og mynd 18 sýnir okkur. Stærstur hluti þeirra karla eða 57% fá leik með meistaraflokki 16-17 ára á meðan 56% stúlkurnar fá sitt fyrsta tækifæri á aldrinum 14-15 ára.

Fyrsti meistaraflokksleikur í úrvalsdeild

Könnun á bakgrunni íslenskra knattspyrnumanna




Mynd 19 Hvenær lékstu þinn fyrsta leik með meistaraflokki í efstu deild?

Á mynd 19 sést að stærsti hluti stúlkna fær sína eldskírni á aldrinum 16 til 17 ára í efstu deild eða rúm 40 %. Einnig fær 32% stúlkna tækifærið á aldrinum 14 til 15 ára sem segir okkur að þegar stúlkurnar náðu 18 ára aldri höfðu sjö af hverjum tíu spilað leik í efstu deild. Drengirnir byrjuðu seinna og stiga flestir á leikvöllinn í efstu deild á aldrinum 18 – 19 ára eða 35% eða einn af hverjum þremur. Hjá drengjum fengu um 23 % tækifærið þegar þeir komust á tvítugsaldurinn, en á þeim aldri höfðu allar stúlkurnar sem svöruðu spilað með sínu félagsliði.

Karlar

Konur

Könnun á bakgrunni íslenskra knattspyrnumanna




Myndir 20 og 21 Hefur þú haft atvinnu af knattspyrnuíðkun erlendis?

Myndir 20 og 21 sýna að karlar hafa farið meira í atvinnumennsku erlendis en konurnar. Á meðal leikmanna þriggja efstu karlaliða hafa rúm 30% leikmanna reynslu af atvinnumennsku á meðan sambærileg tala fyrir kvenfólkið er einungis um 6%.

Karlar

Konur

Könnun á bakgrunni íslenskra knattspyrnumanna




Myndir 22 og 23 Stefnir þú á atvinnumennsku erlendis?

Þegar spurt var hvort þátttakendur stefndu á atvinnumennsku erlendis kemur í ljós á myndum 22 og 23 að stúlkur eru metnaðarfullri og um það bil 62% næstum tvær af hverjum þremur segjast stefna á atvinnumennsku erlendis. Karlar virðist ekki deila þeirri framtíðarsýn, því könnunin sýnir að 32% stefna á að komast í atvinnumennsku.

Þáttaka með landsliðum Íslands

Könnun á bakgrunni íslenskra knattspyrnumanna




Mynd 24 Hefur þú leikið með landsliðum Íslands?

Spurt var um reynslu þátttakenda af því að leika með landsliðum Íslands á öllum aldurstigum. Sama hlutfall karla og kvenna, rúmlega einn af hverjum þremur, segist aldrei hafa leikið með landsliðum Íslands, sem aftur þýðir að tveir af hverjum þremur leikmönnum þessara toppliða hafa stigið út á völinn og spilað fyrir land og þjóð. Sjá má á mynd 24 að 26% karla hjá þessum liðum hafa leikið með A landsliði Íslands og 32% kvennanna, sem þýðir að næstum ein af hverjum þremur hefur spilað A- landsleik.

Annar hver drengur hefur leikið með U 17 ára landsliði Íslands og næstum því tvær af hverjum þrem stúlkum með sama liði.

3.6 Áhugahvetjandi umhverfisþættir

Þeir áhrifaþættir sem hvöttu leikmenn til knattspyrnuíðkunar



Mynd 25 Hver telur þú vera mikilvægustu atriðin sem urðu til þess að þú ákvaðst að stunda knattspyrnu?

Að lokum svöruðu þátttakendurnir til um það hvaða þættir þeir töldu að hefðu haft áhrif á að þeir hefðu leiðst út í knattspyrnuíðkun og stundað hana í framhaldinu. Hver og einn mátti nefna þrjú atriði. Á mynd 25 sést að veigamesti þátturinn hjá báðum kynjum var áhugi á knattspyrnu. Vinahópurinn fylgdi næst á eftir og svo foreldrar. Aðrir þættir, á borð við gott unglingsstarf og þjálfarinn, fylgdu þar á eftir með um það bil 10% hjá körlum en um 20% hjá konum.

4 Umræður

4.1 Aldur, búseta og nám

Mikill munur er á aldursdreifingu kynjanna. Dreifing karlanna sem svöruðu var mjög jöfn frá sautján ára fram yfir þrítugt og hlutfall þeirra sem voru þrjátíu og tveggja ára eða eldri var tæp átján prósent. Hjá konunum var mikill meirihluti leikmanna á aldrinum sautján til tuttugu og eins árs, eða um það bil tvær af hverjum þrem. Einungis fjögur prósent þeirra sem svöruðu voru á bilinu tuttugu og sjö ára til þrjátíu og eins og enginn leikmaður er eldri en það af þeim sem svöruðu spurningalistanum. Af þessum niðurstöðum má álykta að knattspyrnukonur sem spila í toppliðunum byrji snemma í meistaraflokki og hætti snemma á ferlinum á meðan karlarnir byrji heldur seinna og séu lengra fram á fertugsaldurinn.

Þegar litið er á búsetu leikmanna fram að sextán ára aldri kemur í ljós að kynin eru nokkuð samstíga í því hvaðan þau koma. Leikmennirnir í úrtakinu eru í liðum af höfuðborgarsvæðinu og því koma þær niðurstöður að rúmlega tveir leikmenn af hverjum þremur, hvort sem er karla eða kvenna, skuli vera af höfuðborgarsvæðinu. Niðurstöður sýna að flestir leikmenn sem koma af landsbyggðinni eru af Norðurlandi og einnig að leikmenn frá Vesturlandi eru fleiri en leikmenn frá Suðurlandi eða Austurlandi.

Munur er á menntun milli kynjanna. Einungis tíu prósent kvenna segjast ekki vera í námi á meðan rúm fjörutíu prósent karla segjast ekki vera að mennta sig. Rúm sextíu prósent kvenna eru í framhaldsskóla og tuttugu prósent í háskólanámi. Hjá körlum eru tæplega þrjátíu prósent í framhaldsskóla og sama hlutfall í háskóla. Ef til vill má skýra þessa niðurstöðu með því að konurnar sem svara könnuninni eru að jafnaði yngri en

Könnun á bakgrunni íslenskra knattspyrnumanna

karlarnir, sem eru því líklegri til að vera búnir að mennta sig eða komnir í skóla á háskólastigi. Ánægjulegt er þó að sjá að þrátt fyrir knattspyrnuviðkun hugi íslenskir knattspyrnumenn og konur að framtíðinni og stundi knattspyrnuna með námi.

4.2 Ástundun annarra greina og frístundir

Þegar litið er til þess hvort aðrar íþróttir hafi verið stundaðar er greinilegt að aðrar boltagreinar eru vinsælar og eru þar körfubolti og handbolti nefndar sem þær greinar sem stundaðar voru oftast samhliða. Einungis rúmlega einn af hverjum tíu körlum stundaði ekki aðrar íþróttir samhliða knattspyrnu en hlutfallið var aðeins hærra hjá konunum, tæp tuttugu prósent. Mjög hátt hlutfall þeirra leikmanna sem spila með þessum liðum stundaði því aðrar íþróttir með knattspyrnunni og stór hluti þeirra, rúmlega sextíu prósent, telur einnig að ástundun annarra íþróttagreina hafi hjálpað til við að ná árangri sem leikmanns og eru bæði kynin samstíga í því.

Stúlkur voru duglegri við þátttöku í félagsstarfi. Þrjár af hverjum fjórum stunduði félagsstarf og sagðist tæplega helmingur þeirra hafa stundað félagsmiðstöð á sínum yngri árum. Strákarnir voru síður duglegri og sögðust flestir, eða tæplega þriðjungur, hafa stundað félagsmiðstöðina. Ef til vill er enn hægt að líta til ungs aldurs þeirra kvenna sem tóku þátt, en starfsemi félagsmiðstöðva hefur verið líflegri á undanförunum árum heldur en á þeim árum þegar stór hluti karlanna var á unglingsaldri.

4.3 Æfingar

Könnun á bakgrunni íslenskra knattspyrnumanna

Strákar sem svöruðu byrjuðu fyrr að æfa knattspyrnu en stúlkurnar, en tæplega fjórir af hverjum tíu byrjuðu að æfa á aldrinum fjögurra til sjö ára og samtals höfðu rúmlega átta af hverjum tíu byrjað að æfa með félagsliði um ellefu ára aldur. Stúlkurnar byrjuðu seinna og voru flestar þeirra, um tvær af hverjum þremur, á aldrinum átta til fimmtán ára þegar þær byrjuðu að æfa. Einnig byrjuðu tæplega fimmtán prósent kvenna að æfa eftir fimmtán ára aldur á meðan það þekkist varla hjá körlum að byrja að æfa eftir þann aldur.

Þegar spurt er hvenær leikmenn hafi byrjað að einbeita sér einungis að knattspyrnu á kostnað annarra greina kemur í ljós að hlutfall kvenna fer stigvaxandi að sextán ára aldri þegar tæplega þrjátíu prósent segjast hafa farið að einbeita sér alfarið að knattspyrnu. Svipað er uppi á teningnum hjá körlunum og á aldrinum þrettán til sextán ára höfðu tæplega tveir af hverjum þremur yfirgefið aðrar íþróttir og einbeitt sér alfarið að knattspyrnu. Áhugavert er að sjá hversu snemma drengir hafi ákveðið að einbeita sér að knattspyrnu þrátt fyrir að rúm sextíu prósent þeirra hafi talið að ástundun annarra greina hafi hjálpað þeim að ná árangri sem leikmanns í knattspyrnu.

Athyglisvert er að sjá að mjög stór hluti kvenna, rúm sextíu prósent, segjast hefja æfingar með meistaraflokk strax á aldrinum fjórtán til fimmtán ára og einungis tvö prósent segjast hafa hafið æfingar hjá meistaraflokk eftir sextán ára aldur. Hjá körlum er þessu hins vegar ekki eins farið. Um tuttugu prósent byrjuðu að æfa með meistaflokki karla á aldrinum fjórtán til fimmtán ára en flestir byrja á aldrinum sextán til sautján ára sem er sá aldur sem drengir færast yfir í annan flokk. Eftir sextán ára aldur hefja samtals um einn af hverjum fjórum að æfa með meistaraflokki. Þannig má sjá að þrátt fyrir að

Könnun á bakgrunni íslenskra knattspyrnumanna

Stúlkur hefji að æfa síðar og stundi knattspyrnu styttra, þá hafa þær að jafnaði um tveggja ára forskot á drengina þegar kemur að því að æfa með meistaraflokk.

Þegar spurt var um æfingaálag þegar komið var í þriðja flokk voru kynin nokkuð samstíga og ekki virðist hafa verið meira um æfingar hjá öðru kyninu frekar en hinu.

Örlítið hærra hlutfall kvenna, 40%, æfði þrisvar til fjórum sinnum í viku á meðan sambærileg tala fyrir karlana er 37%.. Um 54 % karla æfðu fimm til sex sinnum í viku í þriðja flokki á móti 48 % kvenna. Af báðum kynjum æfa samtals um sextán prósent sjö sinnum eða oftar þegar komið var í þriðja flokk.

Metnaður leikmanna beggja kynja skín í gegn þegar litið er til þess hversu mikið þau leggja aukalega á sig með æfingum í þriðja flokki. Tæplega níu af hverjum tíu stúlkum æfðu einu sinni til tvisvar sinnum í viku aukalega á meðan sama hlutfall hjá körlum var tæplega sjö af hverjum tíu. Þær stúlkur sem æfðu meira en tvær aukaæfingar á viku voru um tólf prósent á meðan drengirnir sem æfðu meira en tvær aukaæfingar voru um tuttugu og sjö prósent eða rúmlega einn af hverju fjórum. Líklega hefur því meirihluti þeirra sem svöruðu æft allt frá fimm til átta sinnum í viku þegar komið var í þriðja flokk og knattspyrnan þannig verið farin að verða tímafrekara áhugamál og meira lagt undir til að ná árangri.

4.4 Þátttaka í mótum og framtíðaráform

Könnun á bakgrunni íslenskra knattspyrnumanna

Athyglisvert er að þrátt fyrir að rúmlega tveir þriðju leikmanna beggja kynja skuli koma af höfuðborgarsvæðinu þá leika rúmlega fjörutíu prósent með uppeldisfélagi sínu og eru kynin nánast alveg samstíga í því. Rúm þrjátíu prósent leikmanna koma utan af landi og leika með öðru liði en sínu uppeldisfélagi sem þýðir að af þeim sjötíu prósentum sem bjuggu á höfuðborgarsvæðinu fram að sextán ára aldri leika þrjátíu prósent ekki með sínu uppeldisliði og hafa því skipt um félag innan höfuðborgarsvæðisins. Liðin, bæði karla og kvenna, hafa því fjóra leikmenn af hverjum tíu í liði sínum sem hafa alist upp innan félagsins. Ef miðað er við leikmannahóp upp á tuttugu og tvo þá eru níu leikmenn sem eru uppaldir innan félagsins.

Tæplega sex af hverjum tíu þeirra kvenna sem tóku þátt í könnuninni spilaði sinn fyrsta leik með meistaraflokki á aldrinum fjórtán til fimmtán ára. Það er í takt við þann aldur sem þær byrjuðu að æfa með meistaraflokki og segir okkur að þær þurfi ekki að bíða lengi eftir tækifærinu. Svipað hlutfall er hjá körlum nema þeir fá tækifærið á aldrinum sextán til sautján ára. Þannig fengu einungis fjögur prósent kvenna og rúm tuttugu prósent karla sinn fyrsta leik eftir sautján ára aldur. Það leiðir til þess að þeir leikmenn sem ekki hafa spilað sinn fyrsta meistaraflokksleik fyrir átján ára aldur eiga ekki mikla möguleika á að spila meðal þriggja efstu liða í efstu deild. Sérstaklega á þetta við um konurnar sem er ekki uppörvandi tölfræði fyrir þá sem æfa með meistaraflokk og hafa ekki spilað sinn fyrsta meistaraflokksleik á þessum aldri.

Ef skoðað er hvenær leikmenn spila sinn fyrsta leik í efstu deild með félagsliði sínu kemur í ljós að sjötíu og tvö prósent kvennanna hafa leikið sinn fyrsta leik þegar að átjándi afmælisdeginum kemur en einungis tæplega þrjátíu prósent karla. Karlar sem

Könnun á bakgrunni íslenskra knattspyrnumanna

spila fá því tækifærið síðar á ferlinum í efstu deild og þurftu að bíða þolinmóðari eftir sínu tækifæri.

Fáar konur hafa leikið í atvinnumennsku erlendis eða einungis sex prósent, á meðan karlarnir státa af tæplega einum af hverjum þremur hefur spilað erlendis í atvinnumennsku. Íslenskar knattspyrnukonur hafa lítið farið erlendis sem skýrir þetta lága hlutfall en markaðurinn fyrir íslenskar knattspyrnukonur er lítill og býður sjaldan upp á fulla atvinnumennsku heldur oft hálf atvinnumennska með námi eða starfi. Fjölmargir leikmenn karla hafa farið erlendis í lengri og styttri tíma og margir snúa heim og eiga nokkur góð tímabil í íslensku deildinni áður þeir hætta keppni. Það segir sitt um gæði þessara þriggja efstu liða í efstu deild karla að lið þeirra geti hugsanlega haft að jafnaði þrjá til fjóra leikmenn með reynslu af atvinnumennsku í byrjunarliði sínu hverju sinni.

Þegar hugur leikmanna varðandi framtíðina er kannaður kemur í ljós að mikill metnaður býr í brjósti þeirra kvenna sem tóku þátt í könnuninni. Um sex af hverjum tíu segjast stefna í atvinnumennsku sem er athyglisvert í ljósi þess hversu fáar hafa fetað þann veg á undanförunum árum. Þær eru þó að jafnaði yngri en leikmenn karlaliðanna og hafa framtíðina fyrir sér. Karlarnir eru eldri og skýrir það ef til vill ástæðuna fyrir því hvers vegna þeir standa konunum að baki að þessu leyti, því um einn þriðji aðspurðra karla segist stefna að atvinnumennsku. Af þeim rúmlega sextíu leikmönnum sem svöruðu könnuninni má sjá að í tuttugu hjörtum býr útþrá og vilji til að reyna sig á alþjóðavettvangi.

Mjög athyglisvert er að skoða reynslu leikmannanna af leikjum með landsliðum Íslands. Einungis tæplega þrjátíu prósent karla og kvenna hefur ekki leikið með landsliðum Íslands og því hafa rúm sjötíu prósent reynslu af því að keppa fyrir land og

Könnun á bakgrunni íslenskra knattspyrnumanna

Þjóð. Rúm sextíu prósent kvenna og tæp fimmtíu prósent karla hafa þannig stigið út á völinn og spilað landsleik með landsliði Íslands skipað leikmönnum yngri en sautján ára. Ekki síðra hlutfall birtist er við skoðum hversu margir hafa spilað leik með landsliði Íslands skipuðu leikmönnum nítján ára og yngri. Þar hafa fimmtíu og sex prósent kvenna og fjörutíu og sjö prósent karla leikið fyrir Íslands hönd. Hlutfallið minnkar aðeins þegar komið er lengra og hafa nú fyrst karlar hærra hlutfall þeirra leikmanna sem spilað hafa landsleik með landsliði Íslands yngri en tuttugu og eins árs. Fjörutíu og þrjú prósent karla hafa þannig leikið landsleik í þeim aldursflokki og þrjátíu og sex prósent kvenna sem er samt sem áður hátt hlutfall. Þegar litið er til A-landsliðsins hafa konurnar aftur yfirhöndina og hefur tæplega ein af hverjum þremur leikið með A-landsliðinu á meðan einn af hverjum fjórum karlmönnum hefur spila A-landsleik. Það má leiða að því líkum að þar sem íslenskar afrekskonur í knattspyrnu komast lítið í atvinnumennsku erlendis þá spili þær í auknum mæli hér heima með efstu liðunum í efstu deild. Þessi niðurstaða er einnig ágætis vísbending til knattspyrnumanna sem hafa aldrei spilað landsleik á ferlinum að þeir eigi ekki mikla möguleika á að spila með bestu liðum Íslands, því einungis um einn af hverjum fjórum leikmönnum toppliðanna hefur aldrei spilað fyrir Íslands hönd. Svipað hlutfall er hjá þeim konum sem ekki hafa spilað með landsliðum Íslands.

4.5 Áhugahvetjandi umhverfisþættir

Þegar leikmenn voru beðnir um að finna þá þrjá þætti sem helst hefðu haft áhrif á að þeir stunduðu knattspyrnu komu tveir þættir áberandi best út. Karlar svöruðu níu af hverjum tíu að áhugi á knattspyrnu hefði mestu um það ráðið og næst á eftir kom þáttur vinahópsins, sem varð fyrir valinu hjá sextíu prósent. Konurnar höfðu þessa sömu þætti

Könnun á bakgrunni íslenskra knattspyrnumanna

ofarlega í huga en krossað var við áhuga á knattspyrnu á spurningalista hjá átta af hverjum tíu konum og tvær af hverjum þremur sögðu vinalhópin mikilvægan. Næsti áhrifavaldur var svo foreldrar en svipað hlutfall, um þrjátíu prósent, sagði hann mikilvægan. Athygli vekur að aðrir þættir, eins og gott unglingastarf og þjálfarinn, fengu undir tuttugu prósent svarhlutfall og gefur það vísbendingu um að þetta séu hlutir sem ungir krakkar hugsi ekki mikið um. Þeir virðast hugsa frekar um vinina og að hafa gaman af því sem þeir eru að gera. Eins er ánægjulegt að þáttur foreldra skuli vera metinn hátt og að þeir séu áhrifavaldar í því að krakkar velji sér heilbrigðar íþróttir til ástundunar.

5 Lokaorð

Þegar kynin eru borin saman kemur oft fram mikill munur og það sáum við á þessari könnun. Leikmenn toppliðanna í kvennaboltanum eru mun yngri að árum en leikmenn toppliðanna hjá körlunum og svo virðist sem leikferill kvenna sé einnig mun styttri. Þær hefja æfingar seinna en karlar, byrja að spila fyrr og þegar komið er vel á

Könnun á bakgrunni íslenskra knattspyrnumanna

Þrítugsaldurinn er þeim verulega farið að fækka. Karlar hefja þannig æfingar fyrir en komast seinna inn í leikmannahópa liðanna sinna. Þeir státa sig þó af því að spila frekar en konurnar vel á fertugsaldurinn.

Það vakti sérstaka athygli okkar hversu margir leikmenn hafa reynslu af leik með landsliðum Íslands. Fleiri leikmenn kvennaliðanna hafa reynslu af leik með landsliðum Íslands en leikmenn karlaliðanna. Atvinnumennska leikmanna og jafnari deild skýrir það að hluta en fjölmargir karlar fara snemma erlendis og spila þar í atvinnumennsku á meðan stúlkurnar spila frekar hér heima. Úrvalsdeild karla er einnig jafnari en kvenna þar sem baráttan hefur jafnan viljað einskorðast við efstu þrjú liðin. Þau þrjú lið sem telja má sem áberandi bestu liðin á landinu í kvennaboltanum eru Valur, KR og Breiðablik og því skekkir það niðurstöður okkar að hluta að hafa ekki fengið gögn frá KR heldur Stjórnunni en telja má að KR sé með sterkari leikmannahóp heldur en Stjarnan.

Annað sem okkur þykir vert að taka fram eru þeir félagslegu umhverfisþættir sem leikmenn telja að hafi mest áhrif á sig þegar þeir hefja æfingar á sínum yngri árum. Vinir og áhugi á knattspyrnu eru þar mjög áberandi þættir. Íþróttafélög ættu því að hafa það í huga þegar starf yngri flokka er skipulagt að það höfði til þess að vinum sé gert jafnt undir höfði og knattspyrna sé áhugahvetjandi og skemmtileg.

Aðdáunarvert er að sjá hversu margar stúlkur ætli sér í atvinnumennsku og þá sérstaklega í ljósi þess hve fáar feta þá braut. Ljóst er að Margrét Lára Viðarsdóttir og Ásthildur Helgadóttir, meðal annarra, hafa mikil áhrif á þá leikmenn sem stunda knattspyrnu í kvennaboltanum hér heima og þær setja markið hátt. Hátt hlutfall þeirra stundaði einnig æfingar fyrir utan hefðbundnar æfingar síns félagsliðs í þriðja flokki og því greinilegt að knattspyrna var ekki einungis áhugamál hjá mörgum. Þótt tölfræðilega

Könnun á bakgrunni íslenskra knattspyrnumanna

fleiri stúlkur stefni á atvinnumennsku verður að skoða niðurstöður karlanna með það í huga að aldursdreifingin er yfir hærri lífaldur hjá körlum og má áætla að þeir leikmenn sem komnir eru seint á þrítugsaldurinn eða eru enn eldri stefni síður á atvinnumennsku heldur en þeir leikmenn sem eru um tvítugt. Sá fjöldi leikmanna sem hefur streymt héðan af landi og er að leika við góðan orðstýr er því gott fordæmi fyrir þá sem leika hér heimaetta má til dæmis sjá af háu hlutfalli þeirra sem æfa aukalega.

Við teljum okkur hafa komist að áhugaverðum niðurstöðum um leikmenn í efstu deild karla og kvenna en okkar gögn ná einungis til efstu þriggja liðanna. Þetta verkefni vekur því upp margar forvitnilegar spurningar sem áhugavert væri að skoða nánar. Hvernig eru til dæmis málum háttað hjá þeim landsbyggðarfélögum sem eru í efstu deild? Áhugavert væri einnig að bera saman leikmannahópa þessara þriggja liða við hin liðin í efstu deild og sjá hvort að hið háa hlutfall þeirra leikmanna sem komnir eru úr atvinnumennsku og hafa leikið með landsliðum Íslands sé enn til staðar. Forvitnilegt væri líka að bera saman landsbyggðarliðin og liðin af höfuðborgarsvæðinu og sjá hvort ef til vill sé meiri metnaður úti á landi en á höfuðborgarsvæðinu sem skýri hversu margir leikmanna íslenska landsliðsins hafi verið leikmenn frá félögum utan af landi.